

um frumvarp til laga um veitingu prestakalla.

Vjer undirritaðir, er háttvirt deild fjekk frumvarp þetta til athugunar, erum á einu máli um það, að breytingar þær, sem það gerir á núgildandi lögum um þetta efni, sjeu rjettmætar og nauðsynlegar.

Mörg prestaköll á landinu eru talsvert viðlend og því erfiðleikum bundið fyrir þá, sem atkvæðisrjett hafa við prestskosningar, að nota þann rjett, ef kosning fer aðeins fram á einum stað í hverju prestakalli, enda hefir það komið fyrir við prestkosningar, að flest öll atkvæði, sem greidd voru, hafa verið úr þeirri sókn, er kosið var í.

Þetta bendir ljóslega á það, að gildandi lagaákvæði um veitingu prestakalla sjeu óheppileg og þurfi að breyta þeim, þar sem gera verður ráð fyrir því, að áhugi kjósenda að ráða sjer prest muni vera svipaður í öllum sóknum í sama prestakalli, og áðurnefnd útkoma, sem alls ekki hefir verið sjaldgæf við prestskosningar, sje eingöngu því að kenna, hve erfitt það er nú fyrir mikinn meiri hluta safnaðanna, að taka þátt í kosningunum, enda hafa komið fram óskir frá nokkrum þeirra um þá breyting, sem hjer er gert ráð fyrir.

Biskup hefur leitað álits allra sóknarnefnda á landinu um þetta mál og hafa tæp 200 þeirra sent svör sín.

Nefndin hefir kynt sjer brjef sóknarnefndanna og telur mikill meiri hluti þeirra breytinguna æskilega og mikla rjettarbót.

Þær fáu sóknarnefndir, sem á móti eru, eða láta þetta ekki til sín taka, óttast ýmist aukinn kostnað, eða þá að breytingin tekur ekki til þeirra.

Vjer teljum það rjett og vel til fallið, er kosning fer fram í hverri sókn, að kosið sje á kirkjustaðnum og að kosningin fari venjulega fram í kirkjunni. Að voru álitu er það nægilegt og hagkvæmt, að ekki sje nema ein yfirkjörstjórn, í Reykjavík, fyrir alt landið, og gerir það kostnaðaraukann við þessa breytingu mjög litinn, en hann mundi hafa orðið talsvert meiri væri yfirkjörstjórn í hverju prestakalli.

Þá eru ákvæði frumvarpsins um það, hve margir verði að sækja kjörfund, svo hann sje lögmætur, og um atkvæðamagn umsækjanda til að hljóta kosningu, skýrari en í lögnum frá 16. nóv. 1907, og það skilyrði sett, að fullan  $\frac{1}{4}$  hluta kjósenda í prestakallinu þurfi til þess að ráða söfnuðinum prest eða hafna honum.

Vjer ráðum því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingartillögum, er hjer fara á eftir.

## BREYTINGARTILLÖGUR.

### 1. Við 4. gr.:

Á eftir orðinu »kjósenda« bætist inn í:  
í hverri sókn.

### 2. Við 7. gr.:

Í staðinn fyrir: »ef meiri hluti . . . . fundinn« í niðurlagi greinarinnar komi ný málsg.:

Þó er fundur lögmætur, ef meiri hluti atkvæðisbærra sóknarmanna sækir hann.

### 3. Við 11. gr.:

Í fyrri málsg. falli burtu orðin: »hæfilega margir«.

### 4. Við 12. gr.:

Á eftir »Í Reykjavík« í upphafi gr. bætist inn í:  
og öðrum sóknum landsins, þar sem eru 1000 kjósendur eða fleiri.

### 5. Við sömu gr.:

Á eftir 2. málsg.: »Þó skal . . . stað« bætist inn í ný málsg.:  
Sóknarnefnd ákveður hverir skuli kjósa í hverjum stað.

### 6. Við 13. gr.:

Greinin orðist þannig:

Þegar kosningarathöfn er lokið, hvolfir kjörstjórn seðlunum úr atkvæðakassanum í umslög, sem til þess eru ætluð, og setur innsigli sín fyrir. Svo mega og umboðsmenn umsækjenda setja innsigli sín fyrir umslögin, ef þeir vilja. Enn fremur tekur kjörstjórn ónýtta og ónotaða seðla og lætur þá í umslag og innsiglið sem fyr segir.

### 7. Við 14. gr.:

Á eftir orðinu »sóknarnefnd« bætist inn: með póstabýrgð.

Fyrir breytingartillögunum verður gerð grein við framsöguna.

Alþingi 13. ágúst 1915.

Steingrímur Jónsson,  
formaður.

Guðmundur Ólafsson,  
skrifari og framsögum.

Jón Þorkelsson.